Ég undirritaður gef Bæjarsafni Reykjavíkur peningapressu mína, sem í hafa verið slegnir peningar af mér, sem heita Selsvarardalir, til minningar um 18 ára veru mína í Stóru-Selsvör.

Þessi peningapressa er hin fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Stansana gróf Bárður Jóhannesson, hinn mesti hagleiksmaður, en Vélsmiðjan Sindri smíðaði hlutina. Peningana sló Silfurverkstæði Guðlaugs Magnússonar, peningasláttuna annaðist Reynir Guðlaugsson, gullsmiður.

Í allt hafa verið slegnir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 34 | peningar | af gulli, | hver peningur | 32 gr. | 14 karat. |
| 749 | " | " silfri, | " " | 25 " | 925 " |
| 1056 | " | " eir | " " | 22 " | |

Þessa tölu staðfestir hér með undirskrift sinni áðurnefndur gullsmiður, Reynir Guðlaugsson.

Reynir Guðlaugsson

Hér með er Bæjarsafn Reykjavíkur réttur eigandi þessarar fyrstu peningapressu, sem vitað er, að smíðuð hafi verið á Íslandi og hagnýtt hér.

Reykjavík, 15. maí 1967.

Pétur H. Salómonsson

PÉTUR H. SALÓMONSSON
FRÁ STÓRU-SELSVÖR

Vottar:

Eiríkur Ásgeirsson
Bjarki Elíasson
Axel Kvaran
Stefán Jóhannsson